**Bréf íbúa í hverfinu, dags. 23. mars 2023, um ökuhraða við Nóatún.**

Góðan dag.

Ég sendi inn ábendingu í gegnum vef RVK-borgar fyrr í dag vegna þess að ég hef miklar áhyggjur af umferð og umferðarhraða við Nóatún. Umferð stórra (mikið af langferðabílum) og smárra ökutækja um götuna er mikil og hraðinn mikill. Oft virðist ekið á 60-70 km hraða (og stundum hraðar) um götuna þar sem mikill fjöldi bara fer yfir oft á dag til að ganga úr og í skóla og vegna tómstunda og leikja. Ég hef miklar áhyggjur af því að þessi aukna umferð og umferðarhraði muni valda slysum verði ekki gripið til aðgerða til að lækka umferðarhraða og helst að beina hluta af umferðinni annað.

Ég vil því leggja til að:

1. umferðarhraði verði lækkaður í 15-20 km hraða,
2. að hraða hindranir verði settar upp auk
3. skilta sem sýna ökuhraða og
4. að gatan verði þrengt með hjólreiðastígum.

Óska ég eftir því að þessi tillaga mín verði rædd, að ég fái að koma frekari sjónarmiðum á framfæri og hún verði send viðeigandi stjórnvaldi innan borgarinnar til meðferðar.

Vinsamlegast staðfestið móttöku.

Virðingarfyllst,
Atli Viðar Thorstensen
Skipholti 30, 105 Rvk.